

SANNLEIKUR, TRÚ OG KIRKJA

Í síðustu Eimreið (1. h. 1942, s. 94—5) hefir ritstjórinn vinsamlega getið um bók mína Framnýal. En nokkrum missskilningi kann það að valda, er hann segir: „Á bls. 62 ræðir höf. (H. P.) um Jesúm (í kafla þeim, er nefnist „Saga Jesú“) og hyggst að sanna, að hann hafi um suma ófullkomleika ekki verið alveg ólíkur öðrum mönnum.“

Í grein minni er verið að benda á það, hversu glögglega komi fram, að saga Jesú eins og guðspjöllin segja hana, sé ekki skáldskapur. En þar sem Jesús kallar óvini sína nöðruafkvæmi, virðist mér ekki unnt að halda því fram með nokkurri skynsemd, að það beri ekki að skoða sem illmæli, nokkurnveginn úr sömu áttinni eins og þegar hann líkir óvinum sínum við kalkaðar grafir. Og það liggur í hlutarins eðli, að einmitt það sem guðspjöllin segja um mannlega ófullkomleika Jesú, er síst ástæða til að rengja og telja skáldskap. Og vér megum ekki gleyma hinum stórviturlegu orðum, sem eftir Jesú eru höfð um þýðingu sannleikans. En þó hefir trúmönnum stundum hætt við að hafa að engu það sem einu frumheimildirnar segja um Jesú og fólk hans, og má hér nefna ekki ófróðlegt dæmi þess. Á málverkasýningu í Vínarborg var, fyrir ekki allfáum árum, mynd, sem hét die heilige Familie (fjölskyldan heilaga). Var þar Jósep og María og barnahópur hjá þeim — í besta samræmi við guðspjöllin, því að þar eru nefndir 4 bræður Jesú, og systurnar a. m. k. verið 3; í grískunni er höfð fleirtölumynd orðsins en ekki tvítalan, svo að systkinin hafa eftir því a. m. k. verið 8. En einn morgun, þegar komið var á sýninguna, sáu menn, að mynd þessi hafði verið rist sundur. Svona hafði það hneykslað einhvern, að María skyldi vera máluð sem margra barna móðir. Úr sömu áttinni er það, þegar menn hafa

málað þau hjónin Jósep og Maríu, eins og 50—60 ára aldursmunur hafi verið á þeim.

Í slíku kemur fram lítilsvirðing á sannleikanum, eða a. m. k. því, sem ekki virðist nokkur ástæða til að efast um að sé sannleikur. En þar sem sannleikurinn er fyrirlitinn, er mannúðinni hætt. Og ekki má gleyma því, að kirkjan er stofnun guðs aðeins að svo miklu leyti sem hún hefir sannleikann og kærleikann í hávegum.